



# SKÝRSLA STJÓRNAR HRFÍ

Starfsárið 2022-2023

Samantekt um starf félagsins lögð fram á aðalfundi félagsins 03.05.2023

<b>Inngangur</b> .....	<b>2</b>
<b>Félagið</b> .....	<b>2</b>
Skrifstofa.....	2
Starfsmannamál.....	2
Húsnæðismál.....	3
Starfsemi RA. ehf.....	3
Hundavefur.....	3
Málaferli.....	4
Minningasjóður Emilíu Sigursteinsdóttur.....	4
<b>Reglubundið starf innan félagsins</b> .....	<b>5</b>
Lýsandi tölur úr starfi félagsins.....	5
Ættbókarskráningar og félagsmenn.....	5
Heilsufarspróf.....	6
Hundasýningar.....	7
Vinnupróf.....	7
Veiðipróf.....	8
Sólheimakot.....	8
Hundaskóli HRFÍ.....	8
Sýningadómarar.....	8
Veiðiprófadómarar.....	8
Nefndir HRFÍ.....	8
Svæðafélög HRFÍ.....	9
Umskráning ættbóka frá Rússlandi og Hvíta-Rússlandi.....	9
Fulltrúaráðsfundur.....	9
<b>Erlent samstarf</b> .....	<b>9</b>
<b>Samskipti við yfirvöld</b> .....	<b>10</b>
Innflutningur á sæði.....	10
<b>Kynningar og fræðslustarf</b> .....	<b>10</b>
Fræðsla.....	10
Sámur.....	10
<b>Starf ræktunardeilda</b> .....	<b>11</b>
Hlutverk og verksvið ræktunardeilda.....	11
<b>Á döfinni</b> .....	<b>11</b>

## Inngangur

---

Skýrslan er lögð fram á aðalfundi Hundaræktarfélags Íslands þann 3. maí 2023 en í henni er gerð grein fyrir starfsemi félagsins á síðastliðnu starfsári.

Aðalfundur félagsins 2022 var haldinn í rauða sal Verzlunarskóla Íslands, Ofanleiti 1, 103 Reykjavík, þann 25. maí. Daníel Örn Hinriksson er formaður félagsins. Í stjórn voru kjörnar Anna Guðjónsdóttir og Guðbjörg Guðmundsdóttir í aðalstjórn og Ingibjörg Salóme Sigurðardóttir var kjörin varamaður þeirra.

Stjórn var svo skipuð og skipti þannig með sér verkum á starfsárinu: Daníel Örn Hinriksson, kjörinn formaður, Guðbjörg Guðmundsdóttir, varaformaður, Helga Kolbeinsdóttir, ritari, Maríanna Gunnarsdóttir, gjaldkeri og Anna Guðjónsdóttir meðstjórnandi. Varamenn eru þær Anna María Ingvarsdóttir og Ingibjörg Salóme Sigurðardóttir.

Stjórn fundaði 15 sinnum á starfsárinu. Þá nýtti stjórn sér fjarfundarbúnað Teams og afgreiddi erindi milli funda með tölvupóstum. Þá var stjórn með lokaðan hóp á samfélagsmiðlum sem nýttur var í umræður, hugmyndir og til upplýsinga um framgang og stöðu þeirra verkefna sem stjórn vann að á milli funda.

HRFÍ sinnir formennsku í NKU (Nordisk Kennel Union) og mun sinna þeirri stöðu til loka árs 2024. Þetta er í fyrsta sinn sem félagið er í forsæti samtakanna.

## Félagið

---

### Skrifstofa

Skrifstofa félagsins er á Melabraut 17, 220 Hafnarfirði, og er opin fyrir afgreiðslu mánudaga til fimmtudaga frá kl. 10 til 15. Stór hluti þjónustu við félagsmenn fer orðið fram í tölvukerfi félagsins.

### Starfsmannamál

Á skrifstofu félagsins starfa þær Silja Ösp Jóhannsdóttir, verkefnastjóri, Anna Dís Arnarsdóttir, Stefanía Stella Baldursdóttir og Júlía Guðmundsdóttir, en Júlía er nýjasti starfsmaður félagsins. Stefanía Stella var ráðin tímabundið í byrjun september 2022 en hættir störfum nú í lok júlí. Við þökkum Stellu fyrir hennar góða framlag.

Guðný Rut Isaksen, framkvæmdastjóri félagsins, fór í tímabundið leyfi frá störfum um miðjan ágúst og hefur nú sagt upp störfum og hverfur á önnur mið í maí, eftir 7 ár í starfi. Við þökkum Guðnýju af alhug fyrir góð störf fyrir félagið og gott samstarf undanfarin ár og óskum henni velfarnaðar á nýjum vettvangi.

Silja Ösp Jóhannsdóttir tók við ákveðnum verkefnum framkvæmdastjóra í hennar fjarveru en Maríanna Gunnarsdóttir tók að sér í sjálfböðavinnu að annast launaútreikninga, greiðslu reikninga og ýmsa bókhaldsvinnu í fjarveru framkvæmdastjóra. Færum við henni mikið þakklæti fyrir.

Erna Sigríður Ómarsdóttir hefur sinnt hlutastarfi í sér verkefnum tengdum innleiðingu tölvukerfis og starfi ritara NKU. Erna Sigríður hætti störfum í lok apríl. Þá er ritstjóri Sáms Linda Björk Jónsdóttir á launaskrá félagsins í hlutastarfi.

Stjórn félagsins fór í fjarveru framkvæmdastjóra með starfsmannamál félagsins.

Bókhald félagsins er fært hjá bókhaldsstofunni Verum og Advant ehf. framkvæmir könnun á ársreikningi félagsins.

## Húsnæðismál

Á félagsfundi sem haldinn var 3. október 2022 samþykktu félagsmenn að gengið yrði frá kaupum á fasteigninni að Melabraut 17, með afgerandi meirihluta atkvæða. Um er að ræða um 450 m<sup>2</sup> húsnæði á einni hæð og er húsnæðinu ætlað að hýsa skrifstofur og starfsemi félagsins auk þess að vera félagsheimili félagsmanna og deilda þar sem hægt er að sinna ýmis konar vinnu með hundum.

Undirritun kaupsamnings fór fram 20. október og voru lykjar afhentir þá. Viðskiptabanki félagsins, Íslandsbanki, bauð bestu lánakjör en leitað var til allra helstu bankastofnana landsins. Gengið var frá tryggingum við VÍS og skipt um orkuveitu, HS orka. Gengið var frá afsali þann 21. nóvember.

Töluverðar endurbætur þurfti að gera á húsnæðinu fyrir skrifstofurými og geymslu.

Sigrún Valdimarsdóttir tækniteiknari og félagsmaður bauð fram aðstoð við teikningu á skrifstofurými og fær bestu þakkir fyrir sína vinnu.

## Starfsemi RA. ehf.

RA ehf. er félag í eigu HRFÍ. Félagið var keypt á árinu 2007 þegar HRFÍ eignaðist fasteign félagsins að Síðumúla. Þegar Síðumúlinn var seldur á árinu 2021 myndaðist skattalegur söluhagnaður en félagið gat frestað skattlagningu hans um tvenn áramót og afskrifað fasteignina um sem nemur söluhagnaðinum og þannig frestað skattgreiðslum.

RA keypti því Melabrautina og leigir fasteignina til HRFÍ. Í samræmi við lög þá verður leiguverðið að vera á eðlilegum viðskiptakjörum. Það lán sem tekið var til að fjármagna kaupin er til 25 ára og mánaðarlegar afborganir lægri en leiguverðið. Óhjákvæmilega munu því safnast upp fjármunir í RA sem stjórn hvers árs þarf að ákveða hvernig skal ráðstafa. Ráðstöfunin gæti t.d. verið að greiða inná lán félagsins, nýta fjármunina til að fjármagna frekari framkvæmdir eða greiða arð til HRFÍ.

## Hundavefur

Þróun Hundavefsins hefur haldið áfram á tímabilinu og hefur virkni hans aukist undanfarna mánuði. Nú er hægt að sækja um meistaratitla og eigendaskipti í gegnum vefinn og fljótlega er stefnt á að opna fyrir gotskráningar. Þá er vinna við að hægt verði að skrá niðurstöður hlýðni- og veiðiprófa á vefnum í góðum farvegi en opnað verður fyrir frekari virkni eins fljótt og hægt er. Eldri upplýsingar og færsla þeirra inn í kerfið er

mikilvægt verkefni og verður farið í þá vinnu í samvinnu við deildir félagsins þegar búið er að virkja mikilvægustu hluta skráningarkerfisins.

Uppsetning kerfisins er í höndum norska fyrirtækisins Origin og vélbúnaður og vefþjónar hjá danska fyrirtækinu Tecsys. DKK sér svo um tæknilega aðstoð. Um er að ræða eitt umfangsmesta verkefni félagsins enda gagnagrunnur verðmætasta eign þess.

## Málaferli

Á árinu 2021 kærði stjórn HRFÍ eigendur Gjósku ræktunar til siðanefndar vegna brota á lögum og reglum félagsins, einkum varðandi ættbókarskráningu. Í ágúst 2021 tók siðanefnd bráðabirgðaákvörðun í málinu (nr. 6/2021) þar sem eigendur Gjóskuræktunar voru sviptir tilteknum félagsréttindum í allt að þrjá mánuði.

Eigendur Gjóskuræktunar ákvaðu að fara með málið fyrir dómstóla og stefndu stjórn HRFÍ og meðlimum siðanefndar (til réttargæslu) fyrir dóm og gerðu margs konar kröfur, þ.á.m. um ógildingu bráðabirgðaúrskurðarins. Vegna verulegra ágalla á málatilbúnaði Gjóskuræktunar var málinu vísað frá héraðsdómi í janúar 2022 og niðurstaðan um frávísun staðfest af Landsrétti í febrúar sama ár.

Þann 25. janúar 2022 kvað siðanefnd upp úrskurð í málinu þar sem talið var að eigendur Gjóskuræktunar hefðu orðið uppvísar af stórfelldum brotum gegn hagsmunum félagsins og hæfileg félagsviðurlög væru samtals 15 ára brottvísun og útilokun úr starfi félagsins, svipting á ræktunarnafninu Gjósku og rétti til að fá afhent ættbókarskírteini í sama tíma.

Eigendur Gjóskuræktunar ákváðu aftur að fara með málið fyrir dómstóla og stefndu einstökum stjórnarmönnum HRFÍ (og HRFÍ til vara) og kröfðust ógildingar á bráðabirgðaúrskurði siðanefndar og fullnaðarúrskurði siðanefndar. Vegna verulegra ágalla á málatilbúnaði Gjóskuræktunar var málinu vísað frá héraðsdómi í nóvember 2022 og var sá úrskurður staðfestur af Landsrétti í desember sama ár.

Í janúar 2023 ákváðu eigendur Gjóskuræktunar að fara í mál við HRFÍ og krefjast ógildingar á úrskurði siðanefndar og miskabóta vegna bráðabirgðaúrskurðarins. HRFÍ hafnar kröfunum og krefst sýknu í málinu.

Félagið hefur orðið fyrir töluverðum kostnaði vegna siðanefndarmálsins og vegna málaferla af hálfu eigenda Gjóskuræktunar, eins og fram kemur í ársreikningi.

## Minningasjóður Emilíu Sigursteinsdóttur

Minningarsjóður Emilíu Sigursteinsdóttur, Millu, er styrktarsjóður og er hlutverk hans að styrkja málefni heimilisláusra hunda. Tekjur sjóðsins eru framlög vegna minningarkorta, frjáls framlög einstaklinga og fyrirtækja, árlegt framlag Hundarættarfélags Íslands og vextir af höfuðstóli. Stjórn sjóðsins úthlutar styrk/styrkjum 8. ágúst ár hvert.

Stjórn félagsins, sem fer með úthlutun úr sjóðnum. Að þessu sinni voru lagðar 500.000kr inn á sérstakan reikning hjá FCI sem sér um að koma upphæðinni til

hundaræktarfélagins í Úkraínu. Fjárveitingum er þaðan komið til þeirra sem á þurfa að halda og er ljóst að þörfin er mikil.


## Reglubundið starf innan félagsins

### Lýsandi tölur úr starfi félagsins

2017-2022	2017	2018	2019	2020	2021	2022
Hvolpar	1244	1307	1639	1820	2509	2333
Got	274	305	370	403	538	496
Skráðir hundar frá upphafi ca.	23.698	25.097	26.850	28.812	31.443	33.971
HD/AD alls	201	227	215	275	260	215
Ræktunarnöfn	34	34	37	57	78	55
Augnskoðanir	643	699	694	203	1250	881
Sýndir hundar (allar sýningar)	4270	4491	4569	889	4129	6789
Sýndir hundar (HRFÍ sýningar)	3907	4188	4287	889	3470	5617
Sýndir hundar (deildarsýn)	363	303	282	0	651	1172

### Ættbókarskráningar og félagsmenn

Eftir gríðarlega aukningu á öllum skráningum á árinu 2021 hefur skráningum nú fækkað á milli árunna 2021 og 2022. Hvolpaskráningar voru þannig um 7% færri en á árinu 2021, en þó er raunveruleg fækkun einungis um 176 hvolpa frá fyrra ári. Einnig fækkaði skráðum gotum um 42 eða 8% frá árinu 2021. Þess má geta að minnkun nú á milli ára er talsvert minni en aukningin sem varð á milli árunna 2020 og 2021 eins og sjá má á myndinni hér að neðan.



Fjöldi félagsmanna sem hér er tiltekinn miðast við þann dag sem útbúin er kjörskrá fyrir aðalfund ár hvert. Tala félagsmanna inniheldur þá sem eru með greidd félagsgjöld og hvolpakaupendur á frígjaldi (einstaklingar 3928 og aukaaðild 502), heiðursfélaga (11), ellilífeyrisþegar (37). Fjöldi félagsmanna þann 11. maí 2022 var **3.665** en fjöldi félagsmanna þann 19. apríl 2023 er **4.478**. Á næsta ári verður hægt að rýna betur í fjölda félagsmanna en nú greiða félagsmenn fyrir árið sem er breyting frá því sem áður var.

### Heilsufarspróf

Augnskoðanir voru þrjár árið 2022, ein augnskoðun fór fram á Akureyri í ágúst en aðrar voru haldnar í Sólheimakoti. Alls voru hátt í 900 hundar skoðaðir á tímabilinu og gera má ráð fyrir að þörf fyrir augnskoðun hafi verið uppfyllt hjá félagsmönnum þar sem laus pláss voru í allar þrjár skoðanir. Árið 2021 var metfjöldi hunda skoðaðir enda fordæmalaus staða sem þá var uppi eftir Covid faraldurinn og virðist sem hafi náðst að tryggja öllum augnskoðun.

Innsendar mjaðmamyndir frá OFA eða SKK voru 215 en þær voru 260 árið 2021 og því sjáum við nokkra fækkun.

### Innflutningur hunda

Innflutningur hunda jókst á milli ára en 195 innfluttir hundar voru skráðir hjá félaginu 2022 á móti 122 árinu áður. Styttur einangrunartími hefur líklega með fjölgunina að gera og fögnum við nýjum einstaklingum. Sex tegundir bættust í flóru hunda á landinu á starfstímabili stjórnar eða nánar tiltekið Bouvier Des Flandres, Italian Spinone, Polski Owczarek Podhalanski, Welsh Corgi Cardigan, Yakutskaya Laika og Shiba Inu.


## Hundasýningar

Árið 2022 voru haldnar fimm (all breed) sýningar á vegum Hundaræktarfélagins. Haldnar voru þrjár alþjóðlegar sýningar og tvær Norðurlandasýningar. Þátttaka á sýningum hefur verið um 1150 hundar á hverjum þessarra sýninga en alls voru sýndir 5617 hundar sem er það mesta sem sést hefur hingað til. Ungviði og hvolpar sem sýndir hafa verið eru svo hátt í 200 á hverri sýningu. Allar sýningar félagsins voru einfaldar sökum þess hve illa hefur gengið að manna stöðugildi sýninganna og þá sér í lagi á tvöföldum sýningum. Aukalega var haldin sýning í október frá því sem vant er.

Stjórn samþykkti tillögu sýningastjórnar að halda til reynslu tvöfalda sýningu nú í júní.

Þá stóðu sýningardómarar félagsins fyrir sérstakri hvolpasýningu í júlí 2022 þar sem spreyttu sig 76 hvolpar af öllum tegundum en nýsamþykktir dómaranemar dæmdu ásamt reyndum sýningadómurum. Deildir félagsins stóðu svo fyrir 14 sýningum á vegum sinna deilda. Það er því óhætt að segja að starf í kringum sýningar, áhugi á þeim og skráningar hafi verið án fordæmis árið 2022.

Stjórn vill koma á framfæri þakklæti til sýningarstjórnar og starfsfólks sýninga fyrir sín störf.



## Vinnupróf

Vinnuhundadeild hélt tíu hlýðniþróf á árinu og fjögur sporapróf. Skráðir voru 103 þátttakendur sem er svipuð þátttaka og á fyrra ári (113) og ljóst að áhuginn og starf deildarinnar er í miklum blóma.



## Veiðipróf

Undir merkjum tegundahóps 7 voru 357 skráningar í samtals 12 veiðipróf en 5 próf voru haldin 2021 (skráningar voru 292 árið 2021). Það má sjá aukningu í skráningum á veiðipróf hjá TH7 rétt eins og á sýningum. 10 veiðipróf fyrir sækjandi hunda voru haldin hjá Retrieverdeild og voru 120 skráningar í þau próf sem er örlítill fækkun frá fyrra ári. (143, 2022).

## Sólheimakot

Kotið er mikið notað af félagsmönnum fyrir opin hús hjá tegundahópum 7 og 8, hvolpasamkomur, námskeið, veiðipróf, fundi og fleira. Allar deildir geta nýtt sér Sólheimakot. Bóka þarf tíma á skrifstofu HRFÍ og nálgast lykla þar og skila eftir notkun. Vill Sólheimakotsnefnd minna notendur kotsins á að hver sá sem notar kotið þarf að skilja við það í því ástandi sem þeir vilja koma að því og ekki er sorphirða í kotinu, því þarf að hafa allt rusl með sér.

Sólheimakot er með síðu á Facebook.

## Hundaskóli HRFÍ

Hundaskólinn var rekinn með óbreyttu sniði. Skólinn býður upp á hvolpa-, grunn- og hlýðninámskeið fyrir allar tegundir hunda. 126 hundar og eigendur þeirra sóttu námskeið hjá Hundaskólanum en kennari skólans í ár, sem áður, var Valgerður Júlíusdóttir.

## Sýningadómarar

Sýningadómarar félagsins hafa bætt við sig réttindum á árinu en alls bættu dómarnir við sig 15 nýjum tegundum á árinu 2022. Þá hafa verið samþykktar umsóknir fimm sýningadómara í nám í tegundahópum samkvæmt nýsamþykktum reglum um dómaraám sýningadómara HRFÍ.

## Veiðiprófadómarar

Samtals eru starfandi 15 veiðiprófadómarar hjá félaginu, þar af eru 9 fyrir sækjandi hunda og 7 fyrir fuglahunda.

Formaður dómaraáðs fuglahundadómara sendi erindi um samþykki á veitingu fuglahundadómara réttinda til Einars Kalda Arnar Rafnssonar í apríl 2022. Stjórn samþykkti veitingu réttindanna og óskar Einari til hamingju.

Beiðni kom frá Heiðari Sveinssyni fyrir hönd dómaraáðs, þann 12.júlí síðastliðin, þar sem óskað var eftir samþykkt dómaraáðs Pórhalls Atlasonar sem veiðiprófsdómari fyrir sækjandi hunda. Stjórn HRFÍ samþykkti beiðnina og óskar Pórhalli til hamingju.

## Nefndir HRFÍ

Stjórn félagsins skipar nefndir og starfshópa til að annast ákveðin mál. Á fyrsta fundi nýrrar stjórnar er skipað í fastanefndir félagsins, sýninganefnd, ritnefnd, vísindanefnd, ræktunar- og staðlanefnd, laganefnd og skólanefnd. Aðrir nefndir eru fimm talsins en sérstaklega er kosið á aðalfundi félagsins í siðanefnd. Þá skipar stjórn fulltrúa HRFÍ í DÍF. Í dag eru nefndarmenn um 60 talsins.

Á starfsárinu tók til starfa ný fastanefnd innan félagsins, æskulýðsnefnd. Stjórn félagsins skipar í nefndina eftir aðalfund hvert ár en æskulýðsnefnd ber að annast starfsemi Ungmennadeildar HRFÍ. Með þessari breytingu er framtíð Ungmennadeildar ætíð sett í hendur ábyrgra aðila sem tilnefndir eru af stjórn HRFÍ. Æskulýðsnefnd starfar sem skipulagsnefnd, ræður fjölbreytta flóru þjálfara til þess að halda námskeið og stuðlar þar með að aukinni fjölbreytni í námskeiðahaldi, kennslu og undirbúningi ungmenna um almennt hundahald, heilbrigði, þjálfun og ræktun.

## Svæðafélög HRFÍ

Samþykktar voru nýjar starfsreglur fyrir starfandi svæðafélög félagsins. Endurskoðun fór af stað þegar sótt var um stofnun Svæðafélags Suðurlands. Reglurnar voru síðan árið 1994 og því úreltar og á skjön við önnur gildandi lög og reglur innan félagsins. Reglurnar fengu afgreiðslu laganefndar. Í kjölfarið var samþykkt stofnun Svæðafélags Suðurlands.

## Umskráning ættbóka frá Rússlandi og Hvíta-Rússlandi.

Stjórn Hundaræktarfélags Íslands samþykkti á fundi sínum þann 7. desember að stoðva umskráningar ættbóka frá Rússlandi og Hvíta-Rússlandi meðan á stríði stendur. Stjórn hafði áður tekið ákvörðun á fundi þann 21. mars, að beita ekki slíku úrræði, heldur leggja frekar Úkraínska hundaræktarfélaginu lið eftir fremsta megni. Harka færðist í stríðsrekstur Rússa í Úkraínu og ákvað stjórn HRFÍ því að fylgja fordæmi aðildarfélaga í NKU og hætta umskráningum á ættbókum frá þessum löndum á meðan á stríði stendur. Þá tók stjórn HRFÍ ákvörðun um að bjóða ekki sýningadómurum sem þiggja boð að dæma á sýningum í Rússlandi og Hvíta-Rússlandi, að dæma að á sýningum undir merkjum HRFÍ.

## Fulltrúaráðsfundur

Haldinn var fulltrúaráðsfundur þann 15. mars 2022 um framtíðar húsnæði félagsins. Stjórn og skipuð húsnæðisnefnd boðuðu til fundarins og í kjölfarið var unnin þarfagreining sem kynnt var félagsmönnum á aðalfundi HRFÍ sama ár. Þarfagreiningin fékk aðra kynningu á félagsfundi að Melabraut 17 í október síðastliðnum þar sem kosið var um kaup á fasteigninni.

## Erlent samstarf

---

Ísland er í forsæti fyrir NKU, Nordisk Kennel Union, til loka árs 2024 en þetta er í fyrsta skipti sem Ísland gegnir formennsku. Tímabilið er þrjú ár. Árlega eru haldnir tveir fundir þar sem mæta fyrir hönd félagsins formaður/varaformaður og framkvæmdastjóri/verkefnastjóri. Erna Sigríður Ómarsdóttir, ritari NKU, hefur sótt fundina.

Í febrúar var haldinn fundur varðandi úrskurð dómstóla í Noregi; dýraverndurnarsamtök gegn NKK þar sem krafist var stöðvunar skipulagðrar ræktunar á tveimur hundakynjum, Cavalier King Charles Spaniel og English Bulldog. Rædd voru viðbrögð klubbanna og NKU. Fundinn sátu formaður og framkvæmdastjóri. Fundur var svo haldinn dagana 28. - 29. mars í Reykjavík og sátu fundinn formaður og framkvæmdastjóri. Herdís Hallmarsdóttir stýrði fundinum. Seinni fundur ársins var haldinn 8. - 9. október í Stokkhólmi og sóttu fundinn varaformaður félagsins og verkefnastjóri. Í mars 2023 fór fram fyrsti NKU fundur ársins í Kaupmannahöfn og sóttu hann varaformaður og ritari NKU. Samþykkt hefur verið að annar hver fundur NKU verði rafrænn.

Á aðalfundi Europe Section FCI í apríl var Herdís Hallmarsdóttir kosin í stjórn samtakanna en hún var tilnefnd af stjórn félagsins. Herdís og framkvæmdastjóri sóttu fundinn.

Aðalfundur FCI (General Assembly) var svo haldinn í Madrid dagana 20.-21.júní 2022 en einnig fór fram Evrópufundur FCI þann 19. júní. Fundina sóttu formaður og framkvæmdastjóri ásamt Herdís Hallmarsdóttur sem situr í stjórn Evrópuhluta FCI.

## Samskipti við yfirvöld

---

### Innflutningur á sæði

Stjórn félagsins sendi bréf á Matvælaráðuneytið í maí og óskaði eftir breytingu á reglugerð um innflutning gæludýra og hundasæðis þannig að heimill yrði innflutningur á fersku sæði. Það er skemmst frá því að segja Matvælaráðuneytið hefur breytt reglugerð nr. 935/2004, en nú er leyft að flytja inn ferskt hundasæði. Áður mátti eingöngu flytja inn frosið hundasæði. Stjórn fagnar rýmkun reglnanna og sem mun nýtast vel til að auka genaflóru hundategundanna.

## Kynningar og fræðslustarf

---

### Fræðsla

Haldin voru ritara- og hringstjóranámskeið á árinu. Svæðafélag norðurlands óskaði eftir að haldið yrði slíkt námskeið fyrir norðan og var vel tekið í þá ósk og samþykkt að halda í byrjun árs 2023.

Þá var haldið fræðslukvöld um sýningar, framgang þeirra og skipulag, og almenna þátttöku.

Deildir félagsins voru duglegar að standa fyrir fræðslu fyrir sína meðlimi og fagnar stjórn frumkvæðinu, enda er það eitt af megin hlutverkum stjórna deilda að miðla fræðslu.

## Sámur

Linda Björk Jónsdóttir er ritstjóri Sáms og hefur Sámur tekið stórt stökk inn í framtíðina með Lindu og hefur núna fest sig í sessi með eigin vefsíðu ([www.hundasamur.is](http://www.hundasamur.is)). Sámur er fastur liður í sögu félagsins. Sámur hefur haft það hlutverk að vera fræðandi og upplýsandi fyrir félagsmenn, fræða almennt um rétta meðferð, aðbúnað og uppeldi hunda, ræktun og heilbrigði, þjálfun og vinnu. Þá er það hugmyndin að áður starfandi fræðslunefnd starfi undir merkjum Sáms.

## Starf ræktunardeilda

---

### Hlutverk og verksvið ræktunardeilda

Ræktunardeildir innan HRFÍ eru 24 talsins og er hlutverk þeirra að standa vörð um viðkomandi hundakyn og að ræktun þeirra stefni að ræktunarmarkmiði sem viðurkennt er af FCI.

Stjórnnum ræktunardeilda er ætlað að þekkja lög og reglur HRFÍ og starfa samkvæmt þeim í sérhverju máli sem upp kann að koma. Stjórnnum ræktunardeilda er einnig ætlað að þekkja starfsreglur ræktunardeilda og reglur um skráningu í ættbók, vera ráðgefandi og miðla fræðslu. Þeir sem sitja í stjórnnum ræktunardeilda og nefndum ásamt tengiliðum eru fulltrúar HRFÍ. Þeir skulu gæta trúmennsku í störfum sínum og leggja sitt af mörkum til að efla félagið og standa vörð um hagsmuni þess.

Auk mikilvægs hlutverks deilda, er varðar ræktun og heilbrigði tegunda sem þeim tilheyra, hafa þær sinnt félagslegu hlutverki. Þær standa fyrir margvíslegu félagsstarfi, svo sem ýmsum viðburðum og samkomum félagsmanna sem deildunum tilheyra. Eftir heimsfaraldur og miklar sóttvarnartakmarkanir má segja að starfsemi deilda hafi tekið við sér af fullum krafti en stjórn samþykkti árið 2022 átta umsóknir um deildarsýningar.

## Á döfinni

---

Innleiðing á nýju tölvukerfi hefur verið fyrirferðarmikið í starfsemi félagsins undanfarið. Mikið starf verið unnið á skrifstofu og hjá samstarfsaðilum okkar við innleiðingu, þýðingar og aðlögun, enda að mörgu að huga. Kerfið er ekki komið í fulla virkni og mun innleiðing á því halda áfram í skrefum með aðstoð félagsmanna. Verkefni af þessu tagi er flókið. Ef stiklað er á stóru um hvað áunnist hefur hingað til í kerfismálum félagsins undanfarin ár þá er núna hægt að nálgast mikið af upplýsingum á Hundavef sem áður voru einungis aðgengilegar á skrifstofu og oftast en ekki á pappír. Sem dæmi má nefna að ættbókargrunnur félagsins er þar í heilu lagi og geta meðlimir félagsins skoðað ættir þeirra hunda sem skráðir hafa verið í félagið sem og séð nýlegar upplýsingar um t.d. augnskoðanir og sýningarárangur (frá því í nóv 2018) þeirra hunda sem þar má finna. Eins er hægt að gera profuparanir og skoða ýmsar tölulegar upplýsingar um tegundir. Á

mínum síðum er svo einnig hægt halda utan um eigin hunda, þar er hægt að skrá á sýningar, gera eigendaskipti og sækja um meistaratitla. Það er margt framundan og unnið er af því að krafti að auka virkni kerfisins. Lagt er kapp á að opna fyrir það að ræktendur geti skráð eigin got í gegnum vefinn sem og að hægt verði að skrá á hlýðni og veiðipróf og skrá niðurstöður rafrænt rétt eins og sýningar eru í dag. Það er óhætt að segja að það sem þegar hefur áunnist í kerfismálum félagsins er bylting í starfsemi þess og mikilvægi þess að vera með traustan grunn utan um mikilvægustu eign félagsins sem er ættbókin verður ekki ofmetið.

Ræktunarnámskeið verður haldið 15. október næstkomandi en Natalja Skalin, ræktandi, dýralæknir og sýningadómari, hefur þegið boð um að halda námskeiðið.

Flutningar skrifstofu félagsins fóru fram nú á vormánuðum og verður húsnæðið smám saman tekið til notkunar fyrir aðra starfsemi. Þá er áætluð deildarsýning í nýju húsnæði félagsins 6. maí.

Tvöföld sýning verður haldin í júní 2023 en stjórn félagsins samþykkti á fundi sínum tillögu sýningarstjórnar að halda tvöfalda sýningu.

Hvolpasýningar verða tvær á árinu, önnur var haldin í janúar en nýir dómaranemar félagsins dæmdu þar allar tegundir. Hvolpasýning verður svo haldin í nóvember.

BOAS (brachycephalic obstructive airway syndrome) öndunarfæra prófið fyrir brachycephalic/flatnefja tegundir verður að öllum líkindum innleitt á árinu en NKK, Norsk Kennel Klub, stendur fyrir námskeiði með dr. Jane Ladlow sem þróað hefur prófið í samstarfi við Cambridge háskóla í Bretlandi. Fimm íslenskir dýralæknar ætla að sækja námskeiðið. Dýralæknarnir hafa sýnt mikinn áhuga á að bregðast við þeim heilsufarsvandamálum sem þessar tegundir standa frammi fyrir; svo sem öndunarörðugleikum og vandamálum í hrygg.

Norðurlandamót í keppni ungra sýnenda verður haldið á Íslandi í fyrsta sinn í tengslum við nóvembersýningu félagsins.

Reykjavík 03. 05. 2023

Daníel Örn Hinriksson, formaður *Daníel Örn Hinriksson*  
Guðbjörg Guðmundsdóttir, varaformaður *Guðbjörg Guðm.*  
Maríanna Gunnarsdóttir, gjaldkeri *Maríanna Gunnarsd.*  
Helga Kolbeinsdóttir, ritari *Helga Kolbeinsd.*  
Anna Guðjónsdóttir, meðstjórnandi *Anna Guðjónsdóttir*  
Anna María Ingvarsdóttir, varastjórn *Anna María Ingvarsdóttir*  
Ingibjörg Salóme Sigurðardóttir, varastjórn *Ingibjörg Salóme Sigurðardóttir*